

Skólastjórn getur veitt nemanda undanþágu frá lokaprófi í líkamsrækt, ef gildar ástæður eru til að dómi skólalæknis.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 6. apríl 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## G J A L D S K R Á

### Rafveitu Siglufjarðar.

#### I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

##### 1. Lýsing.

- 1.1. Um kWst.-mæli á kr. 13.80 hverja kWst.
- 1.2. Um kWst.-mæli á kr. 6.90 hverja kWst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því er lýsa skal og reiknast fastagjald þannig:
  - a) fyrir verzlunir, vinnustofur, skrifstofur kr. 3.40 á m<sup>2</sup> á mánuði.
  - b) fyrir geymslur, ganga, verbúðir kr. 1.70 á m<sup>2</sup> á mánuði.

##### 2. Almenn heimilisnotkun.

- 2.1. Til heimila, sjúkrahúsa, skóla, gisti- og veitingahúsa má selja raforku til suðu á kr. 3.45 hverja kWst., enda séu suðutæki fasttengd og öll önnur notkun seld eftir liðum 1.1. eða 1.2.
- 2.2. Um kWst.-mæli á kr. 2.75 hverja kWst. auk fastagjalds af gólfleti er nemi kr. 1.70 af m<sup>2</sup> á mán. af gólfleti íbúðarinnar.
 

Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangar og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús.

Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skal reikna sem íbúðarherbergi. Tekið skal tillit til þess, ef um súðarherbergi eða þ. u. l. er að ræða.

##### 3. Vélanotkun.

- 3.1. Um kWst.-mæli á kr. 6.90 hverja kWst.
- 3.2. Um afl- og orkumæla, stórnotkun um mestaafismæla þannig reiknað:
 

Aflgjald kr. 3 370.00 á kW á ári.

Orkugjald kr. 1.20 á kWst. af allri notkun.
- 3.3. Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:
 

Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun kr. 3.45 á kWst.

Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun kr. 2.25 á kWst.

Fyrir umfram 100 000 kWst. ársnotkun kr. 2.10 á kWst.

#### 4. Hitun.

- 4.1. Til húshitunar og til hitavantsdunka um kWst.-mæli kr. 0.98 kWst.  
 4.2. Til húshitunar um kWst.-mæli kr. 0.92 kWst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. hvern sólarhring, samkv. nánari ákvörðun rafveitustjóra.  
 4.3. Heimilt er að selja raforku til húshitunar sumarmánuðina maí—sept. á kr. 0.55 hverja kWst.

#### Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.  
 b) Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitunina sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar.  
 c) Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

#### 5. Önnur raforkunotkun.

- 5.1. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 6.90 hver kWst.  
 5.2. Til götu- og hafnarlýsingar um kWst.-mæli á kr. 4.90 hverja kWst.  
 Alla raforkusölu, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlíð I. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó, að tilkomnu samþykki rafveitunefndar, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

### II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem greiða skal af mælitækjum, sem hér segir:

- |  |                  |
|--|------------------|
| 1. Af einfasa mælum upp í 30 A .....     | kr. 10.00 á mán. |
| 2. Af þrífasa mælum 50 A og minni .....  | — 17.50 — —      |
| 3. Af mestaafismælum að 100 A .....      | — 60.00 — —      |
| 4. Af mestaafismælum 110 A og yfir ..... | — 115.00 — —     |
| 5. Af þrífasa mælum 50—100 A .....       | — 25.00 — —      |

Af öðrum mælitækjum en þeim, er nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. HEIMTAUGARGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald, sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar, sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Flutningsgeta raftaugar	Heimtaugargjald	Yfirlengdargjald
35 A jarðstrengur þrífasa .....	kr. 6 000.00	kr. 450.00 á stólpa
60 A jarðstrengur þrífasa .....	— 7 500.00	— 550.00 — —
100 A jarðstrengur þrífasa .....	— 9 500.00	— 630.00 — —
200 A jarðstrengur þrífasa .....	— 19 000.00	— 1 030.00 — —
350 A jarðstrengur þrífasa .....	— 35 000.00	— 1 250.00 — —

Yfirlengd greiðist, þegar lengd jarðstrengs fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum viðkomandi húss. Ef sú lögn krefst óvenju mikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrra spennistöðva, nýrra aflstrengja, eða annars búnaðar, verði gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hvert skipti. Ef lagðar eru

fleiri en ein heimtaug að sama húsi, greiði húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjald samkv. reikningi, greiði aðeins  $\frac{1}{2}$  gjald, ef loftlinu er breytt í jarðstreng. En hús, sem ekki hafa greitt heimtaugargjald, greiði það þegar þau hafa fengið heimtaug sína endurbyggða.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu taugar er lokið og áður en straum er hleypt á heimtaugina.

#### IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 250.00
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

#### V. SÖLUSKATTUR

11% söluskattur er innifalinn í öllum framangreindum verðum svo og 2% gjald til Viðlagasjóðs, nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitarar.

#### VI. BREYTINGAR

1. Gjöld samkvæmt 4. lið gjaldskrárinnar breytast með útsöluverði á dieselolíu á Siglufirði, þannig að þau teljist jafngilda útsöluverði á olíu 1. marz 1973, þ. e. kr. 4.70 pr. lítra en hækki eða lækki um 10% fyrir hver full 10%, sem olíuverð hækkar eða lækkar.
2. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka öll gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði hækkunin auglýst áður en hún gengur í gildi.  
Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar nr. 86 10. apríl 1972.

*Iðnaðarráðuneytið, 9. apríl 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

## REGLUGERÐ

**um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.**

### 1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzini (benzín gjald), og skal gjaldið nema kr. 9.87 af hverjum lítra.

### 2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól (gúmmí gjald), og skal gjaldið nema kr. 45.00